
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2010-05
Fundartími:	Þriðjudagur 4. maí 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar.
	2) Orkunotkun fiskimjölsverksmiðja, Vilhjálmur Vilhjálmsson hjá HB Granda mætir á fundinn.
	3) Almennar forsendur, aðrar forsendur varðandi fiskveiðar og fiskeldi..
	4) Raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi 2010.
	5) Breytingar á framsetningu raforkuspár.
	6) Almennar forsendur, landbúnaður.
	7) Almennar forsendur, iðnaður.
	8) Almennar forsendur, þjónusta.
	9) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Ásgeir Sigtryggsson
Íris Baldursdóttir
Gunnar Aðalsteinsson
Sigurður Ágústsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð

HB Grandi:

Vilhjálmur Vilhjálmsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. JV sagðist hafa lagfært spá um húsnæðisþörf út frá athugasemd á síðasta fundi þannig að tekið sé tillit til þess að mikið er af ónotuðu húsnæði nú.
- 2) Íris bauð Vilhjálmu Vilhjálmsson frá HB Granda velkominn á fundinn en JV hafði fengið hann til okkar til að ræða um orkunotkun fiskimjölsverksmiðja. VV sagði að verksmiðjurnar væru ýmist með gufupurrkun eða loftpurrkun og hefur loftpurrkunin verið alfarið með olíu. Loftpurrkun gefur betri vöru og því hafa verksmiðjurnar sótt í

hana fremur en gufuþurrkun. Loftþurrkunin hefur hvergi verið rafvædd en tilraun var gerð í Noregi fyrir nokkrum árum en henni var hætt þegar verið hækkaði eftir markaðsvæðingu raforkukerfisins. HB Grandi er að setja upp búnað á Vopnafirði til að nota raforku við loftþurrkun og verður þá verksmiðjan að fullu rafvædd næsta sumar. Helsta vandamálið við þetta er möguleg tæring vegna mikils hita en menn teldu sig vera búna að leysa það vandamál. Þeir eru með olúkatla til notkunar þegar ekki fæst raforka.

Vilhjálmur fór þá yfir kynningu frá Félagi íslenskra fiskimjölframleiðenda um Grænan fiskimjölsiðnað á Íslandi sem tekin var saman sem kynning fyrir umhverfisráðherra. Hann sagði að það væru 11 verksmiðjur starfræktar núna á landinu og þar af 7 á Austurlandi, 2 í Vestmannaeyjum og 2 við Faxaflóa. Móttekið hráefni hefur farið minnkandi vegna lítilla loðnuveiði undanfarin fjögur ár en útflutningsverðmæti hefur aukist mikið vegna þess að verið hefur hækkað og vegna gengisþróunnar krónunnar. Olíunotkun hefur minnkað og var 21.728 þúsund lítrar árið 2008 en kostnaður við olúkaup hefur aukist samhliða hækkaði olíuverði og lækkandi gengi krónunnar. Olíunotkun á hráefnistonn hefur sveiflast nokkuð undanfarin ár en var 31,5 l/hráefnistonn árið 2008. Sex verksmiðjur eru með rafskautakatla en vantar í 5 verksmiðjur. Sjö verksmiðjur eru með olíukynnta þurrkara. Kostnaður fjárfestingar við að fara alfarið yfir í raforkunotkun er áætlaður 1,4 milljarðar kr. og raforkunotkun mundi aukast um 203 GWh.

Aðrar verksmiðjur hafa áhuga á að rafvæða loftþurrkunina en ekki fæst keypt raforka á hagstæðu verði til þeirra nota. Þeir hjá HB Grandi gerðu orkukaupasamning fyrir 4 árum á ótryggðri orku en síðan þá hafa engir nýir samningar hafa verið gerðir. Vilhjálmur taldi að ekki yrði frekari fækkun verksmiðja en HB Grandi ætlar að reka áfram verksmiðjuna á Akranesi en á SV horni landsins væri það helst kolmunni og gulldepla sem færi til bræðslu. Nú er sumarið aðal bræðslutíminn vegna síldar og kolmunna og lítils loðnuaflla. Frysting á uppsjávarafla er alltaf að aukast of er frysting á kolmunna farin að ganga betur en áður. Í sumar er ætlunin að frysta verulegan hluta af makrúlaflanum.

PEP sagði að það vantaði ekki orku heldur væri fremur spurning á hvaða verði orkan væri tiltæk. Verksmiðjurnar þyrftu að fara í alvöru samningaviðræður við orkuseljendur um raforkukaup. Hann spurði hvort verksmiðjurnar hafi ekki verið að kaupa hráefni frá erlendum skipum. Vilhjálmur sagði að verksmiðjan á Fáskrúðsfirði hefði gert nokkuð af því.

- 3) JV fór yfir uppkast að kafla um fiskveiðar og fiskeldi í almennu forsendunum. Nokkur umræða varð um áætlaðan afla á þessu ári og að veruleg minnkun verður á framleiðslu þessarar greinar í ár. Ekki var talið annað fært en að miða við þann úthlutaðan afla sem gefinn hefur verið út. JV var þó falið að skoða hvort ástæða væri til að hækka hann út frá

umframkeyrslu undangenginna ára. Nokkur umræða var um fiskeldi en vægi þess er lítið í þessum geira.

- 4) JV sýndi og fór yfir tölur um raforkunotkun á 1. ársfjórðungi. Raforkuvinnslan hefur aukist um 1,4% frá sama tíma árið 2009 en flutningstöp hafa minnkað um 3,7%. Stórnotkun hefur aukist um 2,8% en almenn notkun hefur minnkað um 2,5%. Ótryggð orka hefur minnkað um 1,7% á þessu tímabili en forgangsorkan hefur minnkað um 2,7%. Nokkur munur er á hitafari þessa mánuði milli ára og er árið 2010 hlýrra en 2009. Hitastigleiðrétting hefur því þau áhrif að aukningin verður meiri og forgangsorka minnkar eftir leiðréttingu um 1,4%. Einnig sýndi JV mynd sem sýnir aukningu ársfjórðunga frá upphafi árs 2008 og er fyrstu ársfjórðungur 2010 fimmti ársfjórðungurinn í röð sem er með minnkun. JV benti á að það vantaði eigin notkun fyrir nokkrar virkjanir Landsvirkjunar þar sem ekki væru mælingar (eftir þá lagfæringu verður minnkun forgangsorku eftir hitastigleiðréttingu 0,2%). JV var falið að setja þessar töflur á heimasíðu orkuspárnefndar og hafa fyrirnefnda mynd þar með.
- 4) JV sagðist vera með tvær hugmyndir að breytingum á framsetningu raforkuspárinnar. Annars vegar væri það spurning hvort hætta ætti að aðgreina á milli forgangs- og ótryggðar orku þar sem skilin væru að verða minni þarna á milli og hægt er að kaupa tryggan flutning en ótryggða orku og öfugt. Hins vegar er um að ræða skilgreiningu á stóriðju. Hann sagði að breytingar væru að verða á skilgreiningu á stóriðju í raforkulögum og spurning væri hvort ekki væri til þæginda að hætta að nota þetta hugtak. Hann vildi í staðin skipta spánni niður í þrjá þætti eða notkun sem er fædd frá dreifikerfinu, notkun sem er fædd frá flutningskerfinu og notkun sem tengist virkjun og fer eldrei inn á flutningskerfið. Fundarmenn ætla að hugleiða þetta til næsta fundar.
- 5) Frestað var til næsta fundar að fara yfir kafla um landbúnað. JV sagðist hafa rætt við Magnús Ágústsson garðyrkjuráðunaut um að koma á fund hópsins og tók hann vel í það en gat ekki mætt á þennan fund sökum veikinda.
- 6) Fresta að fjalla um almennar forsendur iðnaðar til næsta fundar.
- 7) Frestað að fjalla um almennar forsendur þjónustu til næsta fundar.
- 8) JV sagðist hafa rætt við Ágústu S. Loftsdóttur á Orkustofnun um að koma á okkar fund. Hún tók vel í það og þarf þá að setja á fund þegar hún er á ferðinni í Reykjavík. Ákveðið var að vera með aukafund í maí til að fara yfir almennu forsendurnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20. Næsti fundur verður seinna í maí en þar næsti fundur er 1. júní 2010.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Grænn fiskimjölsiðnaður á Íslandi.
- Töflur um raforkunotkun á 1. ársfjórðungi 2010.
- Kafli 6 í almennum forsendum um fiskveiðar og fiskeldi.

Dreift eftir fundinn:

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Athuga hvort ástæða sé til þess að hækka aflaforsendur út frá umframkeyrslu
JV	Raforkunotkun 1. ársfjórðungs inn á heimasíðu orkuspárnefndar
	.